

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Reyðarfjörður (ytra svæði)



Dags eftirlits	3.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en ein ábending var gerð: Vöktunaráætlun hefur ekki verið uppfærð og er rekstraraðila bent á að vöktunaráætlun samþykkt af eftirlitsaðila skal vera til staðar. Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í utanverðum Reyðarfirði.

Fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í utanverðum Reyðarfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 17. mars 2020, breytt þann 23. júní 2022 og gildir til 17. mars 2036.

Starfsleyfið tekur til eldis á laxi í utanverðum Reyðarfirði að hámarki 10.000 tonn af lífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti. Í júlí 2022 lauk slátrun í Vattarnesi. Sýnatökur voru gerðar þann 19. apríl 2023.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað þann 26. apríl 2024. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024. Útstreymisbókhaldi var ekki skilað sérstaklega en þær upplýsingar sem rekstraraðili þarf að skila, komu fram í grænu bókhaldi og teljast skilin því fullnægjandi.

Losun fosfórs má skv. starfsleyfi vera að hámarki 9,0 kg/tonn af lífmassaaukningu. Losunin árið 2023 var 6,9 kg/tonn af lífmassaaukningu.

Framleiðsla árið 2023 var um 2.919 tonn sem er undir mörkum. Framleiðsla ársins 2024 var komin í tæplega 3.245 tonn í lok ágúst.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Farið var yfir þær áætlanir rekstraraðila sem skulu vera til staðar. Flestar áætlanir eru til staðar og hafa verið endurskoðaðar nýlega. Vöktunaráætlun hefur þó ekki verið uppfærð og er rekstraraðila bent á að vöktunaráætlun samþykkt af eftirlitsaðila skal vera til staðar.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda og var skírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

5. Önnur mál

Þjálfunarskrá fyrir nýtt starfsfólk rekstraraðila var skoðuð og var fullnægjandi.

6. Skoðunarferð

Siglt var að kvíum og pramma við Vattarnes. Prammi var skoðaður, geymsla mengandi efna var fullnægjandi sem og merkingar á meltutanki.

ÁBENDINGAR

Vöktunaráætlun hefur ekki verið uppfærð. Rekstraraðila er bent á að uppfæra vöktunaráætlun sína og taka m.a. tillit til krafna sem gerðar eru til vöktunar á vatnshlotum sbr. stjórn vatnamála.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.10.2024

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir